

Skipulagsstofnun  
b.t. Þórdís Stella Erlingsdóttir  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 29. janúar 2024  
UST202401-073/M.J.  
10.05.00

## **Efni: Ósk um umsögn - umhverfismat framkvæmda - Vermitjarnir í landi Keldna við Eystri Rangá - Rangárþingi eystra**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 2 janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mál nr. 570/2023 í Skipulagsgátt, framkvæmd vermitjarna við Eystri Rangá til uppeldis laxfiska.

Framkvæmdaraðili hyggst byggja allt að 4 metra háa stíflu rétt fyrir ofan Haldfossa þar sem Eystri Rangá rann áður. Fram kemur að framkvæmdin er hluti af stærra verkefni. Seinna séu t.d. fyrirhugaðar tvær lægri stíflur sem geta orðið til þess að stíflan verði fiskgeng. Samkvæmt lýsingu yrði Eystri Rangá veitt í gamla árfarvegin með því að grafa skurð frá ánni að inntaki sem sett verður í rör sem tekið er í gegnum núverandi varnargarð, rörið yrði með lokabúnaði til að stýra vatnsmagni sem leitt verður í vermitjarnir sem framkvæmdaraðili hyggist útbúa í gamla árfarveginum. Fram kemur í framkvæmdarlýsingunni að í vermitjörnunum eigi að skapast æskilegar aðstæður til klaks og uppeldis seiða laxfiska. Fram kemur að óvist sé hvort afrennsli vermitjarna hafi mikil eða mælanleg áhrif á hitastig árinnar þar sem affallsvatnið fer aftur út í ánni við Haldfossa þar sem um lítið rennsli er að ræða.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í **samræmi við** þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Fyrirhuguð framkvæmd er í straumvatnshlotinu Eystri-Rangá 2 (vatnshlotanúmer 103-713-R) og tilheyrir vatnshlotið gerðinni RL2. Virkjanir og framkvæmdir tengdar þeim falla undir vatnsformfræðilegt álag á vatnshlot og sem slíkar geta þær haft mikil áhrif á vistkerfi vatnshlota. Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála skal tryggja að ástand vatnshlota versni ekki vegna álags. Vatnshlotið er skilgreint í mjög góðu vistfræðilegu ástandi samkvæmt vatnavefsjá stjórnar vatnamála og eru **umhverfismarkmið vatnshlotsins að vera áfram í mjög góðu vistfræðilegu ástandi. Umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega**

**bindandi** og verður því framkvæmdaraðili að tryggja að ástand vatnshlotsins versni ekki, hvorki tímabundið né varanlega. Vistfræðilegt ástand er metið út frá líffræðilegum-eðlisefnafræðilegum- og vatnsformfræðilegum gæðaþáttum.

Framkvæmdaraðili þarf að gera **áhrifamat** til að meta hversu mikil áhrif framkvæmdin hefur á líffræðilega, eðilsefnafræðilega og vatnsformfræðilega gæðaþætti vatnshlotsins og hvort áhrifin valdi því að ástand vatnshlotsins rýrni eða að það falli um ástandsflokk og þar af leiðandi að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum. Það samræmist ekki lögum um stjórn vatnamála að leyfa framkvæmdir sem verða til þess að ástand vatnshlots versni og að umhverfismarkmið vatnshlots náist ekki.

Ef áhrifamatið leiðir í ljós að umhverfismarkmið nást ekki þarf að sækja um heimild til Umhverfisstofnunar um breytingu vatnshlots í samræmi við 18. gr. laga um stjórn vatnamála. Hægt er að nálgast upplýsingar um gæðaþætti sem eru notaðir til að meta vistfræðilegt ástand vatnshlota í vöktunaráætlun vatnaáætlunar og jafnframt á [www.vatn.is](http://www.vatn.is).

Virðingarfyllst,

Carl Andreas Fossick Ströberg  
**sérfræðingur**

Sverrir Aðalsteinn Jónsson  
**teymisstjóri**